

L Ö G

20

1. febr.

um breyting á lögum nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara
og laun þeirra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að öðlast réttindi til að hafa á hendi kennslu við barnaskóla ríkis-
ins er krafizt:

- a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
- b. að hann hafi lokið kennaraprófi við kennaraskóla Íslands, sbr. þó lög nr. 24 23. júní 1932, eða stúdentsprófi ásamt að minnsta kosti eins árs námi við kennaraskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræði og kennaraprófi í þeim greinum, og auk þess samskonar námi og prófi í öðrum þeim námsgreinum, sem krafizt kann að verða til kennaraprófs og ekki eru teknar til stúdentsprófs. Meðan kennaraskóli Íslands útskrifar ekki kennara í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru við barnaskóla, hafa þeir rétt til að verða kennarar í þessum námsgreinum, sem aflað hafa sér nægjanlegrar menntunar til þess, að dómi fræðslumálastjóra, enda hafi þeir stundað að minnsta kosti eins ár nám við kennaraskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræði og lokið þar kennaraprófi í þeim greinum.
- c. að umsækjandi sýni læknisvottorð um gott heilsufar.
- d. að hann hafi að minnsta kosti einn um tvítugt.

2. gr.

Til þess að stofna einkaskóla og kenna við hann, þarf að uppfylla sömu skilyrði og um getur í 1. gr. Þó er fræðslumálastjórninni heimilt að veita þeim mönnum undanþágu frá þessu ákvæði, er hafa til þess eindregin meðmæli skólastjóra fræðsluhéraðsins (skólaumdæmisins) og skólanefndar, enda fullnægi skólinn kröfu heilbrigðisstjórnarinnar um húsakynni og hollustuhætti.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðum 1. gr. staflið b., um auglýsta kennarastöðu áður en umsóknarfrestur er útrunninn, og skal skólanefnd þá

20 gera ráðstöfun til að útvega kennara, sem fullnægir þessum skilyrðum, en ef 1. febr. það tekst ekki, þá svo hæfan kennara sem kostur er á, til að hafa kennsluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni.

Skýlt er skólanefndum og skólastjórum einkaskóla að tilkynna fræðslumálastjóra árlega, á þeim tíma, er hann ákveður, hverjir eigi að starfa við skóla þeirra sem kennarar næsta skólaár, sem ekki eru settir eða skipaðir af fræðslumálastjórninni.

Jafnframt tilkynningunni ber að leggja fram sannanir fyrir því, að hlutaðeigandi kennari fullnægi skilyrðum þeim, er krafizt er til kennslustarfsins.

4. gr.

Aftan við 15. grein laganna bætist: Ákvæði 1. greinar staflið b. ná ekki til þeirra kennara, er skipaðir hafa verið af kennslumálastjórninni, er lög þessi öðlast gildi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

21

1. febr.

L Ö G

um Háskóla Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI

Stjórn háskólans.

1. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild og atvinnudeild.